

Bréf sent í lok desember 2020

Ágæti nýnemi vorannar 2021 - Velkominn í MH.

Allir nýir nemendur MH eru boðaðir í skólann þriðjudaginn 5. janúar 2021, kl. 13:00, í stofu 11 eða á Miklagarði. Þar munið þið hitta nokkra starfsmenn skólans sem og Valgerði Bragadóttur sem verður umsjónarkennarinn ykkar. Hún mun útskýra það sem þarf til að fyrsti skóladagurinn fari sem best af stað.

Námstjórar velja áfanga á alla nýnema fyrir vorönnina miðað við stöðu í námi núna. Við minnum þá sem eru að koma úr MR á að senda okkur einkunnir haustannar sem fyrst, þar sem þær eru ekki í Innu.

Stundatöflur nemenda munu birtast í Innu um leið og þær eru tilbúnar (líklega á síðasta degi ársins), ef skólagjöld hafa verið greidd. Ef þið þurfið einhverjar töflubreytingar þá er tækifæri eftir kynningarfundinn 5. janúar til að hitta námstjóra og skoða það sem þarf að laga. Skoðið líka vel það sem þið fenguð metið og hvaða áfanga þið eruð að fara í. Ef þið þurfið að koma einhverju á framfæri til okkar fyrr, eða hafið spurningar, þá er ykkur velkomið að svara þessum pósti og við gerum okkar besta til að svara.

-----

Í heimabanka forráðamanns þíns birtist greiðsluseðill (í dag eða á mánudag) fyrir greiðslu skólagjalda vorannar sem eru 11000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 5000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Eindagur er 28.12 2020 og eftir hann leggst á vanskilagjald kr. 1500. Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 4000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum þig til þess að taka virkan þátt í starfi þess, samhliða því að takast af krafti á við námið. Minnt er á ákvæði í Aðalnámskrá framhaldsskóla þar sem segir að greiðsla innritunargjalds sé endanleg staðfesting á að nemandinn þiggi skólavist og hlíti reglum skólans.

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH ertu beðin/nn að senda póst á mh@mh.is eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig og ekki hika við að hafa samband ef eitthvað er.

Kveðja,

Helga Jóhannsdóttir, konrektor